

Takk fyrir að vera til staðar fyrir samfélagið okkar

Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, um sjálfboðaliða Rauða krossins.

Ársskýrsla 2024

Rauði krossinn

Ársskýrsla Rauða krossins á Íslandi 2024
Reykjavík, maí 2025

Útgefandi: Rauði krossinn á Íslandi

Ábyrgðarmaður: Gísli Rafn Ólafsson

Ritstjóri: Sunna Ósk Logadóttir

Umbrot og hönnun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Prófarkalestur: Helga Lára Hólm

Myndir: Sigurður Ólafur Sigurðsson, Nadía Ýr Emilsdóttir, IFRC, ICRC, PRCS, Pexels, starfsfólk og sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi.

Forsíðumyndina tók Sigurður Ólafur af Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, á afmælishátíð Rauða krossins.





Aðfaranótt aðfangadags jóla árið 1956 kom hópur flóttafólks frá Ungverjalandi til Íslands. Tekið var á móti fólkinu í Melaskóla en síðan haldið til Hlégarðs í Mosfellssveit þar sem þau dvöldu næstu daga í sóttkví.

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns 2
Árið í hnotskurn 3
Starfsemin í tölum 4

100 ár af mannúð

Rauði krossinn í 100 ár 5
Myndir frá afmælishátíð í Hörpu 7

Alþjóðastarf

Mannúðarkrísa við Miðjarðarhaf 8
Sendifulltrúar Rauða krossins 12

Innanlandsstarf

Neyðarvarnir 13
Skaðaminnkun 15
Skyndihjálp 18
Heilbrigðisverkefni 20
Fataverkefni 22
Sjálfboðaliðar 25
Félagsverkefni 26
Fjáröflun og kynningarmál 28
Fólk á flótta 29

Svona erum við

Starfsfólk 31
Fjármál 34

Ávarp formanns

Verðum að brýna raustina



Kæru félagar,

Rauði krossinn hefur staðið vörð um mannúð í áraraðir, hér á Íslandi í heila öld og á alþjóðavettvangi í hálfa aðra öld. Við sem erum alin upp í skugga kalda stríðsins áttum ekki öðru að venjast en að yfir heiminum grúfði kjarnorkuvá. Stórveldaspennan hvarf þó skyndilega undir lok níunda áratugar síðustu aldar og heimsmyndin breyttist hratt í kjölfarið. Þær fylltu mörg okkar von um að alþjóðasamfélagið væri á betri leið og friður myndi ríkja til lengri tíma.

Óveðurský voru þó fljót að hrannast upp, stríðin á Balkanskaga minntu harkalega á að þjóðernishreinsanir væru ekki hættar að eiga sér stað og settu kynbundið ofbeldi í átökum á dagskrá alþjóðastofnana. Átökum á milli ríkja fækkaði en átök innan landamæra ríkja urðu meira áberandi.

Nú eru endalok kalda stríðsins, og sú bjartsýni um framtíðina sem þeim fylgdu, orðin fjarlæg minning og líklegt er að tímabil ófriðar og sundrungar verði viðvarandi um nokkurt skeið. Víglínurnar eru þó óskýrar og á köflum óvæntar, þær snerta bæði landamæri og hugmyndafræði. Stofnanir og samtök sem starfa í mannúðargeiranum fara ekki varhluta af þessari þróun. Verulega hefur dregið úr framlögum ríkja til mannúðargeirans á meðan framlögum til varnarmála og hergagnaframleiðslu vex fiskur um hrygg.

Ýmis teikn eru á lofti um að stofnanir og samtök sem hafa notið virðingar og verndar alþjóðasamfélagsins um langt skeið eigi undir högg að sækja. Vísindastofnanir, háskólar og alþjóðastofnanir sem vinna að útbreiðslu vísinda, þekkingar og heilbrigðis hafa misst fyrri stöðu sína í baráttu við gervivísindi og upplýsingaóreiðu. Sama gildir um mannúðarstofnanir sem hafa mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi að leiðarljósi.

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur orðið fyrir miklum áföllum á síðustu árum. Sjúkraflutningafólk og annað hjálparstarfsfólk hreyfingarinnar er svívirt og myrt við störf sín. Táknin okkar sem notið hafa virðingar alþjóðasamfélagsins síðustu 160 ár veita ekki sömu vernd og öryggi og þau hafa gert áður.

Rauði krossinn á Íslandi hefur verið sterkur bakhjarl fyrir íslenskt samfélag í 100 ár. Sömuleiðis höfum við staðið þétt við bakið á systurfélögum okkar víða um heim, Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráði Rauða krossins. Framlag okkar er ekki einungis metið í fjármagni, heldur tölum við máli mannúðar, gegn sundrungu og óréttlæti.

Á tímum sem þessum getum við ekki staðið þögul hjá. Við verðum að brýna raustina og láta í okkur heyra, hvar sem færi gefst. Ég hvet allt Rauða kross fólk á Íslandi til að taka höndum saman. Finnum nýjar leiðir til fjáröflunar. Finnum nýjar leiðir til að láta að okkur kveða. Finnum nýjar leiðir til að spyrna við fótum og efla og styrkja Rauða krossinn, öllum jarðarbúum til heilla.

Með bestu kveðju,
Silja Bára R. Ómarsdóttir,
formaður Rauða krossins á Íslandi

2024
Í HNOTSKURN



Janúar
Sama dag og eldgos hófst rétt við Grindavík, sem olli skemmdum á heimilum fólks, ýtti Rauði krossinn neyðarsöfnun fyrir Grindvíkinga úr vör. Tæpar 52 milljónir söfnuðust.



Apríl
Rio Tinto veitti Rauða krossinum 208 milljóna króna styrk. Hann verður nýttur til að styðja samfélög sem orðið hafa fyrir áhrifum jarðhræringa á Reykjanesi. Þetta er hæsti styrkur sem fyrirtæki hefur veitt Rauða krossinum á Íslandi.



Október
Aðalskrifstofa Rauða krossins flutti tímabundið í Víkurhvarf 1 á meðan unnið er að endurbótum á höfuðstöðvunum í Efstaleiti 9.



Ágúst
Neyslurýmið Ylja opnað í einingahúsi við Borgartún. Þar með var það loks búið að fá fastan samastað eftir að hafa verið tilraunaverkefni í bíl um hríð – og það með hléum.




September
Coca-Cola á Íslandi og Rauði krossinn á Íslandi undirrituðu samstarfssamning um nýtt verkefni sem kallast „Lyklar að íslensku samfélagi – The Keys to Society“ og miðar að því að styðja og valdefla þau sem sótt hafa um alþjóðlega vernd og einnig þau sem hafa fengið hér vernd.



Desember
Aldarafmæli Rauða krossins á Íslandi fagnað með pompi og prakt í Hörpu.


STARFSEMIN Í TÖLUM

Sjálfboðaliðar eftir landshlutum




Námskeið árið 2024	Námskeið	Þátttakendur
Neyðarvarnanámskeið	12	113
Hjálparsímanámskeið	3	21
Sálrænn stuðningur	63	670
Félagsleg verkefni	34	443
Námskeið um málefni fólks á flótta	8	80
Skaðaminnkunarnámskeið	9	98
Skyndihjálparnámskeið	774	9.985
Önnur námskeið	9	82
Almenn fræðsla	1	7
Samtals	**913**	**11.499**

Sjálfboðaliðar Rauða krossins



Starfsmenn Rauða krossins



Heit á sviði mannúðarmála

Í október undirrituðu Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ) og íslensk stjórnvöld fimm heit á sviði mannúðarmála. Þrjú þeirra eru sameiginleg RKÍ og utanríkisráðuneytinu:



Virðing fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum.



Vernd gagnvart kynbundinni misnotkun og misneytingu.



Að tekist verði á við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum.



Rauði krossinn í 100 ár

Rauði krossinn á Íslandi náði þeim áfanga að verða 100 ára á árinu. Félagið var stofnað í þeim tilgangi að bæta líf og heilsu fólks. Áhersla félagsins hefur sífellt verið á þau sem á einhvern hátt eru skilin útundan í íslensku samfélagi. Áður fyrr voru það sjómenn í verstöðvum og börn sem bjuggu við fátækt en nú er áherslan á fanga, fólk sem notar vímuefni daglega, flóttafólk og þau sem þurfa að takast á við ægikrafta náttúrunnar. Sum verkefni hafa fylgt félaginu frá stofnun, svo sem að kenna þjóðinni skyndihjálp og að sjá henni fyrir sjúkrabílum. Önnur verkefni koma og fara.

Fyrir nokkrum árum var Guðjón Friðriksson sagnfræðingur fenginn til að rita sögu félagsins síðustu 100 ár. Bókinni var fylgt úr hlaði í veglegu útgáfuhófi þann 4. desember. Um er að ræða umfangsmikið rit, samtals 472 síður, sem mun nýtast til langrar framtíðar sem uppfletti- og fróðleiksrit um merka sögu Rauða krossins. Bókin er til sölu á vefsíðu félagsins, raudikrossinn.is.

Á sjálfan 100 ára afmælisdag Rauða krossins, þann 10. desember, var boðað til hátíðarfundar í Hörpu. Um 400 gestir sóttu fundinn, þar á meðal forseti Íslands, fjölmargir félagar í Rauða krossinum, ráðherrar, embættismenn og erlendir gestir. Í hátíðarávarpi sínu nefndi Halla Tómasdóttir að embætti forseta Íslands tengdist starfi Rauða krossins tryggðaböndum.

„Fyrsti formaður Rauða krossins á Íslandi, Sveinn Björnsson, varð raunar ekki forseti fyrr en 20 árum eftir að hann kom að stofnun félagsins en við sem höfum gegnt því embætti síðan höfum öll getað kallað okkur verndara Rauða krossins á Íslandi. Eitt af mínum fyrstu verkum sem forseti var einmitt að taka boði félagsins um að gerast verndari þess. Ég þakka ykkur traustið.“

Halla Tómasdóttir, forseti Íslands.

Þá nefndi forseti að flestöll ættum við einhverjar minningar tengdar Rauða krossinum. Margar þeirra væru tengdar gleðistundum en aðrar þrungnar sorg og áföllum, líkt og í snjóflóðunum mannskæðu á Vestfjörðum fyrir tæpum þremur áratugum. „Þá tók Rauða kross fólk höndum saman um að hjálpa þeim sem upplifðu missi og vonleysi. Áfallahjálp, eða sálfélagslegur stuðningur, hefur síðan verið órjúfanlegur hluti af viðbragðskerfi landsins,“ sagði



forseti og þakkaði einnig fyrir að fyrir tilstilli Rauða krossins hafi Íslendingar getað stutt við fólk og samfélög víða um heim í marga áratugi.

Birgitte Ebbesen, yfirmaður Evrópuskrifstofu Rauða krossins og Rauða hálfmánans, þakkaði Rauða krossinum á Íslandi fyrir dyggan stuðning við mannúðaraðstoð hreyfingarinnar og nefndi þar m.a. rausnarlegan stuðning félagsins við starf Ocean Viking, björgunarskips sem bjargað hefur hundruðum flóttamanna úr sjávarháska á Miðjarðarhafi síðustu ár.

Bjarni Benediktsson þáverandi forsætisráðherra sagði við þetta tilefni að í þau hundrað ár sem liðin eru frá stofnun félagsins þá hafi Rauði krossinn staðið undir því trausti sem honum hefur verið sýnt. Hann hefur gegnt lykilhlutverki sem bakhjarl samfélagsins í neyð og sem stuðningur við stjórnvöld.

Forseti IFRC, framkvæmdastjóri ICRC og fulltrúar ýmissa systurfélaga víða um heim sendu myndbandskveðjur sem sýndar voru á fundinum.

Þrátt fyrir virðulegan aldur heldur Rauði krossinn stöðu sinni sem öflugt og síbreytilegt félag sem bregst við áskorunum í samræmi við þarfir á hverjum tíma með grunngildi hreyfingarinnar að leiðarljósi, en þeim voru einmitt gerð góð skil í sjö stuttum erindum sjálfboðaliða og starfsfólks á hátíðarfundinum.

















Mannúðarkrísa við Miðjarðarhaf

Alþjóðastarf

Alþjóðleg verkefni Rauða krossins á Íslandi (RKÍ) á árinu 2024 einkenndust mjög af hrikalegri mannúðarkrísu á Gaza þar sem eitt af fjórum meginsamstarfslandsfélögum RKÍ, palestínski Rauði hálfmáninn (PRCS) ásamt öðrum hjálparsamtökum vann þrekvirki við aðstæður sem fáir geta ímyndað sér. Allar neyðaraðgerðir á Gaza mörkuðust af miklum takmörkunum á aðflutningi vista og aðgengi.

RKÍ studdi við verkefni palestínska Rauða hálfmánans og alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) á Gaza og Vesturbakkanum auk þess að senda sendifulltrúa til Gaza. PRCS sinnti tugþúsundum sjúkraútkalla og flutti bæði lifandi og látna. Félagið veitti hundruð þúsunda heilbrigðisþjónustu á þeim sjúkrahúsum sem voru starfhæf og enn fleirum á minni heilsugæslum og í sjúkraskýlum. Auk þess setti PRCS upp búðir fyrir fólk á vergangi, útdeildi hreinu vatni og neyðarvistum og veitti sálfélagslegan stuðning. Átján starfsmenn og sjálfboðaliðar PRCS voru drepnir við störf á árinu, að ónefndum þeim sem drepnir voru utan vinnu.

ICRC veitti fjölbreytta þjónustu, veitti meðal annars tólf sjúkrahúsum á Gaza stuðning til að halda starfsemi gangandi og yfir milljón einstaklingar nutu góðs af bættu aðgengi að innviðum tengdum hreinu vatni og hreinlæti. Auk þess dreifði ICRC neyðarvistum, veitti fjárhagsstuðning og aðstoðaði við að sameina fjölskyldur.

Þúsundir fengu aðstoð

Í maí 2024 setti ICRC og norski Rauði krossinn, í samvinnu við fjölda landsfélaga og PRCS, upp neyðarsjúkrahús í Rafah á Gaza. RKÍ hefur frá upphafi tekið þátt í því erfiða og sérstaka verkefni og sendi fjóra sendifulltrúa til starfa á neyðarsjúkrahúsinu; bráðahjúkrunarfræðing, ljósmóður, barnahjúkrunarfræðing og verkfræðing sem sinnti vatnsveitu og rafmagni fyrir sjúkrahúsið. Sjúkrahúsið var rekið í samvinnu við yfirvöld á Gaza og



UM 300 BÖRN FÆDDUST Á NEYÐARSJÚKRAHÚSI Á GAZA











Myndir frá starfi palestínska Rauða hálfmánans á Gaza.



Sendifulltrúinn Jordi Cortes starfaði um borð í björgunarskipinu Ocean Viking á Miðjarðarhafi.

2 MILLJÓNIR TRJÁA GRÓÐURSETTAR Í SÍERRA LEÓNE

PRCS og þar starfaði auk sendifulltrúa fjöldi innlends starfsfólks. Á sjúkrahúsinu fengu tugir þúsunda slasaðra og veikra aðhlynningu. Þar var meðal annars skurðstofa og fæðingadeild þar sem tekið var á móti hátt í 300 börnum. PRCS og ICRC störfuðu einnig við krefjandi aðstæður á Vesturbakkanum þar sem ástandið fór versnandi.

Aðstæður íbúa á Gaza vöktu mikla athygli á Íslandi og Rauði krossinn fjallaði mikið um bæði aðstæður og verkefnin á samfélagsmiðlum, með greinaskrifum og í fjölmiðlum auk þess að fjalla í auknum mæli um mikilvægi mannúðarlaga. RKÍ vakti auk þess reglulega athygli á aðstæðum á Gaza og mikilvægi virðingar við mannúðarlög í samtali við yfirvöld, bæði í formi bréfaskrifta og funda.

Viðnámsþróttur og trjárækt

Önnur verkefni samstarfslandsfélaga sem studd eru af RKÍ gengu vel. Í Síerra Leóne lauk landsfélagið þar lengri tíma samfélagslegu verkefni er miðaði að auknu viðnámsþoli rúmlega 40 þúsund íbúa. Þar fór samfélagslegt trjáræktarverkefni á flug en það var framlengt í lok árs. Tvær milljónir trjáa hafa verið gróðursettar. Starfskona RKÍ tók þátt í að halda námskeið um vernd, jafnrétti og þátttöku þar og gerði úttekt á trjáræktarverkefninu í samvinnu við Landgræðsluskóla GRÓ en verkefnið hlaut afar góða dóma.

Malavíski Rauði krossinn hélt áfram innleiðingu þriðja fasa samfélagslegs verkefnis er snýr að auknu viðnámsþoli. Sómalski Rauði hálfmáninn (SRCS) veitti 30.000 íbúum á afskekktum svæðum heilbrigðisþjónustu á hjólum. Tvær starfskonur RKÍ héldu til samhæfingarskrifstofu SRCS í Hargeisa og héldu þar námskeið um vernd, jafnrétti og þátttöku án aðgreiningar í tengslum við áætlanagerð og eftirlit í samvinnu við sérfræðing SRCS.

Deild PRCS í Líbanon hélt áfram að styðja viðnámsþol í palestínskum flóttamannabúðum með heilbrigðisfræðslu og uppbyggingu eigin getu.

RKÍ sendi sex sendifulltrúa til starfa auk þeirra sem fóru til Gaza. Þrír störfuðu á björgunarskipi á Miðjarðarhafinu í samvinnuverkefni alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans og SOS Méditerranée. Þessi mannúðaraðgerð á Miðjarðarhafinu

Natalía Herrera Eslava fór í vettvangsferð til Malaví í nóvember 2024 og heimsótti m.a. þorpið Mpama sem varð mjög illa úti í flóðum snemma árs.

1.948 BJARGAÐ AF HAFI 2024

hefur verið áhersluverkefni RKÍ frá upphafi 2021 og hefur ekkert landsfélag stutt jafn mikið við verkefnið.

Bakhjarlar RKÍ voru utanríkisráðuneytið sem studdi við flest ofangreind verkefni, Mannvinir Rauða krossins, almenningur og tónlistarfólk sem studdu við söfnun vegna neyðar á Gaza.



Hrönn Håkansson og Orri Gunnarsson, sendifulltrúar Rauða krossins, voru við störf á neyðarsjúkrahúsi í Rafah á suðurhluta Gaza.



Hólmfríður Garðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, við störf sín á Gaza.



Hrönn ásamt samstarfsfólki sínu á vettvangi í Rafha.



Áfram var unnið að samvinnuverkefni í Síerra Leóne.

Alþjóðleg verkefni

Rauða krossins á Íslandi og störf fulltrúa á veraldarvakt.

Alls voru 11 fulltrúar af veraldarvakt við störf erlendis á árinu 2024.

Gaza

Ágústa Hjördís Kristinsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði á neyðarsjúkrahúsi Rauða krossins í Rafha á Gaza.
Elín Jakobína Oddsdóttir skurðhjúkrunarfræðingur starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins í skurðlækningateymi á Gaza.
Hólmfríður Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir starfaði á neyðarsjúkrahúsi Rauða krossins í Rafha.
Hrönn Håkansson hjúkrunarfræðingur starfaði á neyðarssjúkrahúsi Rauða krossins í Rafah.
Orri Gunnarsson verkfræðingur sinnti vatnsveitu- og rafmagnsmálum á neyðarsjúkrahúsi Rauða krossins í Rafah.

Miðjarðarhaf

Andri Rafn Sveinsson hjúkrunarfræðingur starfaði um borð í björgunarskipinu Ocean Viking á Miðjarðarhafinu við björgun flóttafólks.
Jordi Cortes sérfræðingur í vernd, jafnrétti og þátttöku starfaði um borð í björgunarskipinu Ocean Viking á Miðjarðarhafinu við björgun flóttafólks.
Jóhanna Elísabet Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði um borð í Ocean Viking.

Genf

Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði að vinnuvernd starfsmanna innan mannauðsdeildarinnar fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Georgía

Ívar S. Schram, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum, starfsmaður alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem samhæfingarstjóri hjá skrifstofu sambandsins fyrir suður Kákasuslöndin.

Brasilía

Jordi Cortes sérfræðingur í vernd, jafnrétti og þátttöku starfaði í Brasilíu í neyðaraðgerðum vegna flóða.

Malaví

Silvia V. Raitschev sálfræðingur starfaði í Malaví sem sérfræðingur í geðheilbrigði og sálfélagslegum stuðningi.



Neyðarvarnir

Sálrænn stuðningur í brennidepli

Mikið álag var á viðbragðshópum Rauða krossins í sálrænum stuðningi á síðasta ári vegna margra alvarlegra útkalla. Þessir atburðir höfðu mikil samfélagsleg áhrif, m.a. á Austurlandi, þar sem hvert áfallið á fætur öðru reið yfir. Var því ákveðið að opna áfallamiðstöð tímabundið á svæðinu.

Um 145 sjálfboðaliðar eru skráðir í viðbragðshópa Rauða krossins í neyðarvörnum á landsvísu. Allir eru þeir sérþjálfaðir í að veita sálrænan stuðning eftir alvarleg áföll. Þessi teymi, sem gegna mikilvægu hlutverki er sviplegir atburðir eiga sér stað, hvort sem er vegna hamfara, slysa eða af öðrum ástæðum, sinntu um 100 útköllum á árinu 2024. Stöðugt er hugað að nýliðun í viðbragðshópum og fjöldahjálp um land allt. Öllum sjálfboðaliðum í neyðarvörnum bauðst ýmis konar fræðsla á síðasta ári, í formi námskeiða, fyrirlestra og æfinga.

Rauði krossinn tók þátt í tveimur flugslysaæfingum í fyrra. Önnur var haldin á Höfn í Hornafirði og hin á Keflavíkurflugvelli. Þá var haldin ferjuslysaæfing á Seyðisfirði. Áríðandi er að halda slíkar æfingar reglulega til að æfa viðbrögð við stórslysum svo hægt sé að bregðast hratt og rétt við ef þau verða.

Viðbrögð vegna jarðhræringa á Reykjanesi

Málefni Grindvíkinga voru áfram stór þáttur í starfi Rauða krossins á árinu. Fólk frá félaginu starfaði í þjónustumiðstöð almannavarna fyrir fólk úr Grindavík þar til henni var formlega lokað í sumarbyrjun.

Stuðningur Rauða krossins við Grindvíkinga heldur þó áfram.



FJÖLDAHJÁLPAR-STÖÐVAR VORU OPN-AÐAR 5 SINNUM

Með veglegum styrk frá Rio Tinto, sem Rauði krossinn fékk vorið 2024, var lögð sérstök áhersla á að veita skjótan og markvissan stuðning við börn, ungmenni og eldri borgara úr Grindavík. Er það gert með margvíslegum leiðum, s.s. í formi samverustunda, orlofsdvalar, útilífsnámskeiða









Frá hópslysaæfingum sem Rauði krossinn tók þátt í.

Tegundir útkalla	2024
Sjálfsvíg	2
Bruni	4
Andlát	14
Óveður/ófærð	6
Samgönguslys	10
Slys	9
Ofbeldi	9
Annað/eftirfylgd	1
Náttúruhamfarir/rýming	2
Samtals	**57**

og jólaballi fyrir fjölskyldur. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að halda tengslum eldri borgara og tryggja aðgengi að félagslegum stuðningi þar sem fólk hefur tímabundna búsetu.

„Verkefnin sem hafa verið unnin undir þessum hatti endurspegla þverfaglega samvinnu, skýra sýn og einlægan vilja til að efla viðnámsþrótt samfélagsins," segir Aðalheiður Jónsdóttir, teymisstjóri neyðarvarna hjá Rauða krossinum.



1.874 GRINDVÍKINGAR FENGU STYRKI AF SÖFNUNARFÉ



Skaðaminnkun

Mannúð á hjólum og í húsi við hafið

Starfsfólk og sjálfboðaliðar Rauða krossins sem koma að skaðaminnkunarverkefnum félagsins mæta þeim sem nýta sér þjónustuna af fordómaleysi, manngæsku og virðingu. Þannig hefur tekist að skapa mikilvægt traust.

Hæ!“ segir starfskona Ylju glaðlega er hún opnar dyr lítils einingahúss við úfið haf einn marsmorguninn í ár. Úti stendur karlmaður sem heilsar kumpánlega á móti. „Hvernig hefurðu það í dag? Þú varst eitthvað niðurdreginn í gær,“ spyr hún hann. „Ég er betri,“ svarar maðurinn og stígur inn í hlýjuna úr köldum vetrardeginum.

Hann er í hópi þeirra rúmlega 150 einstaklinga sem hafa nýtt sér aðstöðuna í neyslurýminu Ylju í Borgartúni frá því að úrræðið var opnað í ágúst 2024. Heimsóknir eru síðan þá orðnar yfir 3.700. Flestar komur á einum degi voru 44 nú í febrúar. „Þörfin fyrir Ylju var því augljóslega mikil og reynslan nú þegar sýnir að þjónustan hefur aukið lífsgæði fólks sem þangað sækir,“ segir Sigríður Ella Jónsdóttir, teymisstjóri skaðaminnkunar og félagsverkefna hjá Rauða krossinum.

Í Ylju er unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og markmið þjónustunnar er að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll, sýkingar og smitsjúkdóma og að vernda líkamlega og andlega heilsu fólks sem notar vímuefni. Ylja er öruggt rými fyrir notkun vímuefna um æð og til að reykja ópíóíða og örvandi vímuefni undir eftirliti fagfólks – í fullum trúnaði og án þess að þurfa að gefa upp nafn.

Þar er einnig hægt að fá hreinan búnað fyrir notkun slíkra efna, svo sem nálar, sprautur og filtera, en einnig er veitt skaðaminnkandi leiðsögn og lágþröskulda heilbrigðisþjónusta. „Að lækka þröskuldinn er lykilatriði,“ segir Ósk Sigurðardóttir, deildarstjóri Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu. „Það þýðir að fólk getur gengið inn beint af götunni án þess að panta tíma, fengið ráðgjöf og sálfélagslegan stuðning og sömuleiðis fengið gert að sárum og sýkingum svo nokkur atriði séu nefnd.“

Hópurinn sem sækir Ylju býr við margskonar félagslegar aðstæður. Flestir eiga þó sögu um langvarandi og þungan vímuefnavanda



733 LEITUÐU TIL YLJU OG FRÚ RAGNHEIÐAR

og heimilisleysi. Meðalaldur skjólstæðinga er um 37 ár og meirihluti þeirra eru karlmenn.

Starfsfólk Ylju mætir öllum af fordómaleysi, manngæsku og virðingu. Með þeim hætti hefur því tekist að vinna sér inn traust fólksins sem þarf á þjónustunni að halda. „Í Ylju fær fólk því ekki aðeins aðstoð heldur einnig hlýtt viðmót sem getur skipt sköpum fyrir fólk í viðkvæmri stöðu," segir Ósk. Fyrir utan teymisstjóra eru fjórir starfsmenn í föstu starfi og einnig eru nokkrir tímastarfsmenn sem er hægt að kalla inn í afleysingar. „Við höfum verið einstaklega heppin með starfsfólk," segir hún.







Alltaf eru þrír á vakt í einu og einn þeirra er ætíð hjúkrunarfræðingur. Hjúkrunarfræðingur frá Landspítalanum er svo einnig með aðsetur í Ylju þrjá daga í viku sem Ósk segir gífurlega mikilvægt skref í þjónustu við þennan hóp. Helstu ástæður komu til hjúkrunarfræðings eru skimun fyrir HIV og lifrarbólgu C, sár og sýkingar, skimun og meðferð við kynsjúkdómum og forðasprautur.

Ylja er opin yfir daginn á virkum dögum. Augljós þörf er á að hafa opið að minnsta kosti annað hvort á laugardögum eða sunnudögum sem og á almennum frídögum. Til þess þyrfti aukið fjármagn. „Við erum auðvitað alltaf að reyna að finna leiðir til að bæta þjónustu við þá hópa sem þurfa á aðstoð Rauða krossins að halda," segir Ósk.

Hlutverk Ylju er margþætt. Úrræðið á m.a. að stuðla að breyttri umræðu um vímuefnanotkun í samfélaginu sem og fræðslu um skaðaminnkun almennt, sem Ósk og Sigríður Ella segja að muni leiða til meiri skilnings og mannúðlegra viðhorfa í samfélaginu. Þær eru sammála um að Ylja hafi þegar breytt lífi margra til hins betra.

Um borg og bæi

Ylju var eftir mikla leit loks fundinn fastur samastaður í einingahúsi við hafið. En skaðaminnkandi þjónusta þarf að vera á færi sem flestra að nýta. Þess vegna er hún líka á hjólum.

Frú Ragnheiður, hið hreyfanlega vettvangsstarf Rauða krossins, er starfrækt í sendibíl á þremur stöðum á landinu: Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Suðurnesjum. Nokkurra ára reynsla er nú komin af þessu mikilvæga úrræði og sýnir hún svart á hvítu þörfina.

Í Frú Ragnheiði er boðið upp á nálaskiptiþjónustu, skaðaminnkandi ráðgjöf, heilbrigðisþjónustu og öruggt rými fyrir fólk sem notar vímuefni. Með rúmlega 6.400 heimsóknum árið 2024 frá 733

Að mæta þarna fólki, nákvæmlega þar sem það er statt, það er ofboðslega dýrmætt, fyrir samfélagið allt.

Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar.



Frú Ragnheiður ekur um götur á þremur stöðum á landinu og er augljós þörf fyrir þjónustuna á öllum þeim stöðum.

einstaklingum og dreifingu á yfir 400 skömmtum af nefúðanum Naloxone, lyfi sem snýr ofskömmtun ópíóða við, hefur verkefnið sannarlega dregið úr heilsufarslegum og félagslegum afleiðingum vímuefnanotkunar.

Margir sem nýta sér þjónustu Frú Ragnheiðar og Ylju búa við félagslega jaðarsetningu og hafa ítrekað upplifað vantraust, úrræðaleysi eða jafnvel útskúfun innan félagslega- og heilbrigðiskerfisins. „Frú Ragnheiður er oft fyrsta snerting við þjónustukerfið og brú inn í frekari úrræði," segir Ósk. „Þar standa sjálfboðaliðar vaktina – með breiðan bakgrunn og hjartað á réttum stað." Um 170 sjálfboðaliðar skiptast á að taka vaktir í Frú Ragnheiði á starfssvæðunum þremur. Þrír eru jafnan á hverri vakt og einn þeirra ávallt heilbrigðismenntaður.

Oft ná sjálfboðaliðar og starfsfólk Frú Ragnheiðar að mynda góð tengsl við fólkið sem nýtir þjónustuna. Fólk sem hefur jafnvel verið jaðarsett til lengri tíma og án viðeigandi þjónustu og félagslegra tengsla. „Og að vita til þess að þessi tenging sem myndast getur leitt til þess að lífsgæði viðkomandi aukast, það er algjörlega ástæðan fyrir því að við erum að þessu," segir Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar Rauða krossins. „Að mæta þarna fólki, nákvæmlega þar sem það er statt, það er ofboðslega dýrmætt, fyrir samfélagið allt."

Margföld samfélagsáhrif

Rauði krossinn hefur frá árinu 2009 verið leiðandi í skaðaminnkandi aðgerðum á Íslandi. Með bæði Frú Ragnheiði og Ylju hefur félagið mótað mannúðlega og faglega þjónustu sem mætir einstaklingum þar sem þeir eru staddir – bókstaflega.

Margfeldisáhrif eru af skaðaminnkandi úrræðum. Notkun vímuefna í æð eykur hættu á sýkingum, sárum og æðabólgu, en snemmtæk íhlutun dregur úr alvarlegum heilsufarsvandamálum. Samtímis minnkar því álag á önnur úrræði í heilbrigðiskerfinu, s.s. bráðamóttökur og heilsugæslustöðvar.

Hluti af samfélagslegri skaðaminnkun verkefnisins er að safna saman notuðum sprautubúnaði, en skaði getur hlotist af ef slíkum búnaði er komið fyrir í ruslatunnu eða skilinn eftir á víðavangi. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar skiluðu árið 2024 inn 4.800 lítrum af notuðum nálum og sprautubúnaði sem hefur farið í örugga förgun.



4.770 LÍTRUM AF NÁLUM OG SPRAUTUBÚNAÐI FARGAÐ

„Það er fullvíst að Ylja og Frú Ragnheiður skipta verulegu máli fyrir notendur þjónustunnar sem og fyrir allt samfélagið," segja Ósk og Sigríður Ella. Skjólstæðingar beri mikið traust og hlýhug til þessara verkefna og sjálfboðaliðanna sem í þeim starfa og hafi haft mikil áhrif á framgang og þróun þjónustunnar til hins betra.

Þekking og hugrekki bjarga mannslífum

Skyndihjálparteymi Rauða krossins var stofnað síðasta haust. Um leið færðist sala og skipulagning námskeiða á höfuðborgarsvæðinu yfir til landsskrifstofu félagsins. Var það hluti af þeirri vegferð að efla skyndihjálparstarfið og jafna aðgengi almennings að skyndihjálparnámskeiðum um allt land. „Og það bar fljótt árangur," segir Hildur Vattnes Kristjánsdóttir, teymisstjóri skyndihjálpar hjá Rauða krossinum. Árið 2024 voru haldin 774 skyndihjálparnámskeið á landinu og jókst fjöldi þeirra sem sóttu námskeið um 65% á milli ára. Hún segir að áfram verði haldið að efla starfið ennfrekar enda skyndihjálp einn lykilþáttur í starfsemi Rauða krossins. „Það hefur sýnt sig að það að læra skyndihjálp eykur sjálfstraust og meðvitund fólks fyrir umhverfi sínu," segir Hildur. Skyndihjálparnámskeið hafi því margfeldisáhrif á ýmsa vegu.

Endurmenntun leiðbeinenda

Endurmenntunarráð leiðbeinanda Rauða krossins og Landsbjargar var stofnað snemma á árinu með það að markmiði að bæta og breyta fyrirkomulagi endurmenntunar leiðbeinenda í skyndihjálp og fyrstu hjálp. Leiðbeinendur þurfa að sækja endurmenntun til endurnýjunar réttinda og var nýtt fyrirkomulag með einingarkerfi tekið upp. Leiðbeinendur geta sótt endurmenntun rafrænt og fá ráðstefnur, vinnustofur og fyrirlestra metna inn í endurmenntun.



Barn æfir hjartahnoð á 112 deginum.



Hvernig er best að bregðast við? Skyndihjálparkeðjan er meðal þess sem kennt er á námskeiðum Rauða krossins í skyndihjálp.

Fjöldi skyndihjálparnámskeiða Rauða krossins á landsvísu



Skyndihjálp er ekki aðeins kunnátta - hún er hreyfiafl sem stuðlar að sterkari og öruggari samfélögum.

112 dagurinn

Skyndihjálparmanneskjur ársins voru heiðraðar við athöfn á 112 deginum þann 11. febrúar. Í þetta sinn voru þær þrjár. Þorbjörgu og Torfa og nágranna þeirra Guðna tókst með samvinnu við neyðarvörð Neyðarlínunnar að bjarga lífi Ásgeirs, eiginmanns Þorbjargar og föður Torfa, er hann fór skyndilega í hjartastopp í apríl árið 2023.

Þema 112 dagsins var öryggi á vatni og sjó og bauð Rauði krossinn gestum og gangandi að æfa viðbrögð sín við drukknun, undir leiðsögn laugarvarða Laugardalslaugar.

Öryggi og björgun

Frá því í byrjun árs 2024 hefur Rauði krossinn á Íslandi, í samstarfi við Umhverfisstofnun, haft umsjón með þjálfun, námskeiðum, endurmenntun og framkvæmd hæfnismats fyrir fólk sem starfar eða ætlar sér að starfa á sund- og baðstöðum. 189 námskeið undir heitinu Öryggi og björgun voru haldin á landsvísu yfir árið og voru þátttakendur 1.568.

1.295 þátttakendur stóðust hæfnismat samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum en laugarverðir þurfa árlega að standast slíkt mat til að hafa réttindi til að starfa.




Þorbjörg Sveinsdóttir, Torfi Ásgeirsson og Guðni Jónsson eru skyndihjálparmanneskjur ársins 2023.

Skyndihjálpartaskan

Seinni hluta árs hófst sala á nýrri skyndihjálpartösku, sem sett var saman af sérfræðingi skyndihjálpar Rauða krossins. Búnaðurinn miðast við algengustu viðfangsefni skyndihjálpar og fylgir upplýsingabæklingur með.



9.985 MANNS SÓTTU NÁMSKEIÐ Í SKYNDIHJÁLP



1.568 LAUGAVERÐIR FENGU SÉRHÆFÐ SKYNDIHJÁLPARNÁMSKEIÐ

Heilbrigðisverkefni

Stutt við fólk í krefjandi aðstæðum

Samráðshópur sálfélagslegs stuðnings á landsvísu, sem Rauði krossinn á fulltrúa í, var formlega virkjaður tvisvar sinnum á árinu 2024. Annars vegar vegna náttúruhamfara; jarðskjálfta og eldgoss á Reykjanesskaga og hins vegar vegna voveiflegra atburða á Austfjörðum. Að auki var samráðshópur Suðurnesja starfandi um nokkurt skeið eftir rýmingu Grindavíkur. Aðrir samráðshópar um landið voru virkjaðir eftir þörfum.

Rauði krossinn á Íslandi starfar eftir stefnu félagsins sem leggur ríka áherslu á geðheilbrigðis- og sálfélagslegan stuðning sem hefur m.a. að markmiði að vera með vel þjálfað starfsfólk og sjálfboðaliða til að mæta þörfum þeirra sem það sinnir. Það felur í sér fræðslu um sálræna fyrstu hjálp, hvernig hægt er að mæta fólki í krefjandi aðstæðum og fólki í angist, menningarnæmi og sjálfsrækt.

Stuðningur við Grindvíkinga

Fagaðilar frá Rauða krossinum, Landspítala, Reykjavíkurborg og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis buðu upp á sálrænan stuðning í Þjónustumiðstöð fyrir Grindvíkinga sem opnuð var í Tollhúsinu í Reykjavík eftir að Grindavík var rýmd í nóvember 2023. Veitt voru 255 einstaklingsviðtöl frá opnun og fram í maí 2024.


Fyrstu vikurnar vann fólk á vegum Rauða krossins á vöktum til að tryggja aðgengi Grindvíkinga að sálrænum stuðningi og upplýsingagjöf. Alls voru 64 sem komu að því viðbragði sérstaklega, þar af 17 sjálfboðaliðar og 14 starfsmenn Rauða krossins.

Einnig var opnað Stuðningstorg fyrir Grindvíkinga gegnum Kara



Fólk sem hefur samband við 1717 kann að meta þjónustuna og þakkar gjarnan fyrir sig með fallegum skilaboðum.

Ástæður samtala við 1717





Connect og tæplega 100 manns nýttu sér það úrræði og fengu viðtöl við sérfræðinga á ýmsum tungumálum.


Stuðningur við flóttafólk frá Úkraínu

Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ) hefur síðan í ársbyrjun 2023 verið hluti af samstarfsverkefni 28 landsfélaga Rauða krossins um alla Evrópu, með það markmið að mæta aukinni þörf fyrir sálrænan stuðning sem skapaðist í kjölfar átakanna í Úkraínu.

Samtals hafa félögin sett sér það markmið að þjálfa tæplega 15 þúsund manns í sálrænni fyrstu hjálp og að ná rúmlega 593 þúsund komum í mismunandi úrræði í sálfélagslegum stuðning.

Upphaflega var verkefnið aðeins miðað að því að veita sálræna fyrstu hjálp til þeirra sem höfðu nýlega flúið Úkraínu en vegna breyttra þarfa skjólstæðinga eftir því sem lengra leið frá upphafi átakanna var gerð breyting á verkefninu. Mörg landsfélög,

Tegund ofbeldis sem rætt er um við 1717





255 EINSTAKLINGS-VIÐTÖL VEGNA JARÐHRÆRINGA

meðal annars RKÍ, hófu í fyrra að bjóða upp á verkefni sem teljast til samfélagslegrar geðheilbrigðisþjónustu. Hjá RKÍ fékk þetta verkefni nafnið Wellbeing4U og hefur verið boðið upp á ýmiss konar þjónustu sem miðar að bættri geðheilsu og sálfélagslegum stuðningi.

Verkefnið var upphaflega aðeins rekið á höfuðborgarsvæðinu en frá nóvember 2024 hefur það einnig verið rekið í deild Rauða krossins við Eyjafjörð.

Alvarleg samtöl í 1717

Alvarleiki samtala sem berast starfsmönnum og sjálfboðaliðum hjálparsímans 1717 jókst árið 2024, bæði er varðar samtöl er snerta ofbeldi og sjálfsvíg.

Ofbeldissamtöl voru rúmlega 1.000 árið 2024. Börn og ungmenni eru í meira mæli farin að opna á ofbeldi. Sjálfsvígssamtöl voru 1.036. Samtals þurfti 118 sinnum að kalla til viðbragðs gegnum Neyðarlínuna vegna yfirvofandi hættu, sjálfsskaða og barnaverndartilkynninga.

Heildarfjöldi samtala hjá 1717 var 19.529 í fyrra. 12.416 símtöl bárust og 7.113 höfðu samband í netspjalli. Sjálfboðaliðar unnu á árinu samtals 1.137 klukkustundir við að svara fólki hjá Hjálparsímanum.



Þekkir kasmírull úr margra metra fjarlægð

Fataverkefni

Miklar breytingar hafa orðið á fataverkefni Rauða krossins á síðustu mánuðum. Félagið mun áfram taka við textíl til endursölu og til neyðaraðstoðar innanlands en Sorpa hefur tekið við magnútflutningi.

Staflar af fötum og öðrum textíl. Tonn á tonn ofan. Mörg slík á dag. Sumar flíkurnar handónýtar. Aðrar lélegar. „En inn á milli leynast oft gullmolar," segir Guðbjörg Rut Pálmadóttir, teymisstjóri fatasöfnunar hjá Rauða krossinum. Það kemur blik í auga er hún er beðin að taka dæmi um slíkt.

„Sko," segir hún hugsi. „Ég þekki auðvitað kasmírull úr margra metra fjarlægð!" Hún hlær létt og heldur svo spennt áfram: „Við fundum stuttermabol merktan Sykurmolunum um daginn. Upprunalegan."

Því það eru ekki endilega vinsælustu fatamerkin sem grípa auga Guðbjargar heldur vintage-fatnaður af ýmsum toga og föt úr gæðaefni. Kasmírull og silki. Sykurmolabolur frá tíunda áratugnum. Þess vegna þykir henni sérstaklega spennandi að



fá fatagjafir frá eldra fólki. „Þá er oft veisla!“ segir hún. Upp úr slíkum pokum koma gjarnan vandaðar flíkur og vel með farnar.

Rauði krossinn hefur um langt árabil verið leiðandi í söfnun á notuðum textíl til endurnýtingar innanlands og til útflutnings. Sú breyting hefur nú orðið á að Sorpa hefur tekið við útflutningnum. Rauði krossinn mun halda áfram að safna textíl til endursölu og neyðaraðstoðar innanlands í sérmerktum söfnunarkössum sem verður fjölgað verulega á næstunni. Starfsemin í fatamiðstöðinni í Skútuvogi mun því breytast frá því sem verið hefur síðustu árin.

> **En við sjáum að gæðin á fötum sem fólk lætur frá sér eru að minnka.**

Stundum myndaðist umferðarteppa á planinu fyrir framan flokkunarstöðina enda var tekið við um 60-70 tonnum á viku allt árið í fyrra. Taktföst hljóðmerki frá bakkandi flutningabílum með fatagáma frá endurvinnslustöðvum Sorpu urðu grunnur að hljóðheimi endurnýtingar klæða. Færibandið var sett í gang. Innihald hvers einasta poka í gámnum var lagt þar á. Og reynslumikil augu og þrautþjálfaðar hendur í fataflokkuninni léku svo um þau. Þær gróflokkuðu í fyrstu umferð og fóru svo vandlega yfir hverja flík í þeirri næstu.

Eftir færibandinu kemur ljós skyrta. Guðbjörg sér á augabragði að hún er úr silki. „Sjáið þessa!“ segir hún glaðlega. Því það er jú fengur að flíkum úr góðum efnum. Um þær er jafnvel slegist í Rauða kross búðunum. En brosið dettur svo af andliti Guðbjargar. „Æ,“ stynur hún upp. „Það er stór blettur á henni.“ Kannski eftir einhverja veisluna. Þar sem eigandinn hefur farið ógætilega með olíubaðaða humarhala. Hver veit?

En Guðbjörg er fljót að taka gleði sína á ný. „Það er alltaf spennandi að opna gám,“ útskýrir hún. „Að ímynda sér hvað gæti komið úr honum. Hvort einhver gersemi séu inni á milli.“

Fötin halda áfram að koma á færibandinu. Allt fram streymir endalaust. Það á ágætlega við um það gríðarlega magn af fötum sem landsmenn láta frá sér á hverju ári. Allt er flokkað. Allt er nýtt með einhverjum hætti. Stærstur hluti er fluttur út. 3-7 tuttugu feta gámar fara út í hverri viku. Annað fer í Rauða kross búðirnar sem njóta vaxandi vinsælda. Þangað sækja þau sem þurfa ódýrar flíkur en líka þau sem vilja töff og vönduð föt. Öll sem kaupa fötin sín í búðunum leggja sín lóð á vogarskálar hringrásarhagkerfisins.

Starfsmennirnir í fataflokkuninni eru með góða tilfinningu fyrir því sem er líklegt til að slá í gegn í búðunum. Í búðinni í Kringlunni er starfsfólk í öðrum verslunum meðal fastagesta. Það fylgist sumt hvert mjög vel með því sem kemur á slá Rauða kross búðarinnar enda oft hægt að gera kjarakaup á

hátískufatnaði. Framhaldsskólanemar eru svo annar stór kúnnahópur. Ungt og meðvitað fólk sem vill spara.

> **Þeirra vinnuframlag skiptir sköpum fyrir fataverkefni Rauða krossins.**
>
> **Guðbjörg** um framlag samfélagsþjóna til fataverkefnisins.

„Við söfnum jólakjólum allt árið," segir Guðbjörg og strýkur yfir rauðan barnakjól sem er stráheill. Eitthvert barnið á eftir að klæðast honum næstu jól og vonandi svo enn eitt jólin þar á eftir. Þannig halda vandaðar og vel með farnar flíkur lífi lengi. Fallega sniðin kápa og nýpússaðir spariskór munu vonandi hljóta sömu örlög.

„En við sjáum að gæðin á fötum sem fólk lætur frá sér eru að minnka," segir Guðbjörg. Hún hefur starfað við fataflokkunarverkefnið í rúmlega tólf ár og veit því hvað hún syngur. Hlutfall fatnaðar úr vönduðum og endingargóðum efnum fer minnkandi með hverju árinu. Sífellt meira af einnota fötum rata í gámana hjá Sorpu. Og sumum hefur aldrei verið klæðast. Neyslumynstur fólks hefur breyst og fatafjöllin halda áfram að hækka um allan heim. „Þetta er ekki góð þróun og ósjálfbær," segir Guðbjörg.

Nýju söfnunarkassar Rauða krossins munu bráðlega verða kynntir. Guðbjörg segir að almennt gangi fólk vel frá þeim fötum sem það setur í kassa merkta félaginu. „Sumum finnst eins og með því að setja fötin sín í gáma og söfnunarkassa séu þeir að henda þeim í svarthol en svo er alls ekki," segir hún og vísar þar til hinnar ítarlegu flokkunar sem hún og samstarfsfólkið ástundar. „Við bjóðum fólki líka að koma með framlögin beint í flokkunarstöðina til okkar þar sem starfsfólk tekur á móti þeim. Skiljanlega þykir mörgum gott að sjá framlögin sín komin í okkar hendur."

Samfélagsþjónar, fólk sem er að ljúka afplánun á Vernd eða afplánar sína dóma alfarið í samfélagsþjónustu, starfa hjá fataflokkuninni. Það verkefni er unnið í samstarfi við Fangelsismálastofnun. „Það er ánægjulegt að fylgjast með þeim vaxa og dafna í starfi," segir Guðbjörg. Mörg dæmi séu um að fólk blómstri og fyllist sjálfstrausti. „Þeirra vinnuframlag skiptir sköpum fyrir fataverkefni Rauða krossins."

Sömu sögu er að segja um þann góða hóp sjálfboðaliða í flokkuninni og þeim sem standa vaktina í búðum Rauða krossins. Allar þessar vinnufúsu hendur gera það að verkum að hægt er að reka verkefnið með hagnaði sem nýtist svo í önnur mannúðarverkefni félagsins.

„Þetta er oft mikil vinna en að sama skapi mjög skemmtilegt starf," segir hún. „Ég er ekki endilega með tískudellu en ég hef rosalega mikinn áhuga á fötum og textíl. Er fatanörd. Sé verðmæti í notuðum hlutum sem aðrir sjá kannski ekki. Svo ég er í alveg rétta starfinu!"



Sigurbjörg Birgisdóttir, sérfræðingur í sjálfboðaliðastjórnun, skrifar:

Af hverju, í alvörunni, vinnur fólk sjálfboðaliðastörf?

Það er óhætt að fullyrða að flest hafa jákvæðar hugmyndir um sjálfboðaliða og störf þeirra. Sjálfboðaliðar vinna jú í þágu samfélagsins, láta gott af sér leiða, og vinna oft fyrir málstað eða fólk sem er í erfiðri stöðu, jafnvel gleymt eða hundsað í samfélaginu. Jákvæðu áhrifin eru oftast augljós þeim sem þiggja einhvers konar hjálp eða þjónustu en þeirra gætir þó víðar. Störf sjálfboðaliða eru ekki síður jákvæð fyrir sjálfbærni félagasamtaka, einstaklinga og samfélög í heild sinni.

Þekking í nærsamfélagi

Áhrif sjálfboðaliða á störf Rauða krossins eru ótvíræð. Markmið Rauða krossins hafa alla tíð verið að vernda líf og heilsu, stuðla að virðingu fyrir mannlegri reisn og veita hjálp án mismununar. Mannúð er það grunngildi sem Rauði krossinn metur mest og sjálfboðastörf eru leið til að koma því gildi í framkvæmd. Í dag starfa um 2.300 sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum á Íslandi og tæplega 100 starfsmenn. Á hverju ári bætast ný í hópinn, fá þjálfun og fræðslu, tilbúin að leggja sitt af mörkum. Þau endurspegla samfélagið og með fjölbreyttum hópum náum við til flestra og öðlumst meira traust. Sjálfboðaliðar þekkja oftast best þarfirnar og aðstæður á sínu svæði, eru fyrst til að bregðast við þegar neyðarástand skapast og oft þau síðustu til að fara.

Félagsauður er lykillinn

Verkefni Rauða krossins á Íslandi snúa að því að bregðast við þar sem þörfin er mest og sjálfboðaliðar styðja oft við fólk í viðkvæmri stöðu og veita þjónustu sem annars væri ekki veitt eða með öðrum hætti. Rannsóknir sýna líka að nærsamfélög sem búa að öflugu félagsstarfi, svo sem björgunarsveit, öflugri Rauða kross deild, virkum hópum og félögum, t.d. kórum og íþróttafélögum, standa sig almennt betur í endurreisn í kjölfar hamfara heldur en þau sem búa ekki að jafn miklum félagsauði. Með sjálfboðastörfum í nærsamfélagi stuðlar fólk að sterkum félagslegum tengslum, sterkari samkennd og öflugra samfélagi. Með því er viðnámsþróttur samfélagsins efldur gagnvart krísum og hamförum.

> **Sjálfboðaliðar upplifa aukinn tilgang og bætta heilsu.**

Aukin vellíðan og hamingja

Margar rannsóknir sýna að sjálfboðaliðastörf hafa margvísleg jákvæð áhrif á fólk. Þau geta aukið vellíðan og hamingju, dregið úr streitu og ýtt undir heilbrigða sjálfsmynd og sjálfstraust. Sjálfboðaliðar upplifa aukinn tilgang og bætta heilsu. Þátttaka í sjálfboðastarfi styrkir félagsleg tengsl og dregur úr einangrun og einmanaleika. Einstaklingar fá tækifæri til að vinna að málefnum sem eru þeim kær og nýta sína sérþekkingu og reynslu. Í sjálfboðastarfinu fær fólk þjálfun og reynslu og getur aukið atvinnuhæfni, sér í lagi ungt fólk, og fær innsýn í veruleika ólíkra hópa í samfélaginu sem eykur samkennd og skilning. Sjálfboðastörf geta verið valdeflandi og liður í aðlögun og samfélagslegri





2.383
SJÁLFBOÐALIÐAR

þátttöku. Sjálfboðaliðar eru líka góðar fyrirmyndir enda segja flestir sjálfboðaliðar Rauða krossins að þau hafi fyrst heyrt af möguleikanum í gegnum fjölskyldu eða vini.

Sjöunda stærsta hagkerfið

Þrátt fyrir áherslu á óhagnaðardrifið framlag sjálfboðaliða til samfélagsins ættum við ekki að líta fram hjá hagrænum áhrifum sjálfboðastarfa, verðmætasköpun og sparnaði fyrir hið opinbera. Margir hafa reynt að setja verðmiða á þær klukkustundir sem sjálfboðaliðar inna af hendi og þótt engin almenn sátt hafi náðst hefur því verið fleygt fram að samanlagt framlag sjálfboðaliða um allan heim myndi sjöunda stærsta hagkerfið og eitt af fjölmennustu ríkjum heims. Þessar tilraunir til að meta hagræn áhrif sjálfboðastarfa eru, ef ekkert annað, leið til að sýna fram á hversu veigamikil þau eru fyrir samfélagið.

Fólk vinnur sjálfboðastörf af fjölbreyttum hvötum og er líklega oftast ómeðvitað um hvaða áhrif störf þeirra hafa í stóra samhenginu. Áherslan ætti því ekki að liggja í því hvað er gert, fyrir hvern eða hvenær, heldur af hverju það er gert.

Félagsverkefni

Nærandi nærvera og hlýja

Með félagslegum verkefnum Rauða krossins er unnið að því að sporna gegn félagslegri einangrun, veita félagsskap, nærveru og hlýju. Félagslegu verkefnin eru oft kölluð vinaverkefni og í fyrra voru þau fimm á höfuðborgarsvæðinu; heimsóknarvinir, gönguvinir, símavinir, hundavinir og tónlistarvinir. Á Norðurlandi voru þau tvö; heimsóknarvinir og hundavinir. Í verkefnunum eru paraðir saman gestgjafar, þ.e. fólk sem óskar eftir þátttöku, og sjálfboðaliðar.

Í upphafi árs voru 163 virk pör í verkefnunum á höfuðborgarsvæðinu en í lok ársins voru þau orðin 183. Alls bárust 390 umsóknir frá gestgjöfum og 270 sjálfboðaliðaumsóknir. 38 pör voru í heimsóknarvinum á Eyjafjarðarsvæðinu og þrettán sjálfboðaliðar með hunda sína komu að hundavinaverkefnunum á því svæði. Alls voru 375 pör í vinaverkefnum Rauða krossins á landinu öllu í fyrra.



Óðinn og Mars eru sjálfboðaliðar í vinaverkefni á Norðurlandi.

Ánægjukönnun sjálfboðaliða og gestgjafa

Í mars var send út ánægju- og þátttökukönnun á alla virka sjálfboðaliða og gestgjafa í félagsverkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Spurningalistinn var sendur til um 170 sjálfboðaliða og var svörunin um 46%.

54,5% sjálfboðaliðanna töldu sig sjá/greina jákvæðar breytingar á gestgjafa sínum frá því þeir hófu að heimsækja eða hringja í hann.

Spurningalistinn var einnig sendur á u.þ.b. 170 gestgjafa en svörunin var mun minni eða um 15%. Gera má ráð fyrir að svörunin hafi verið þetta lítil þar sem fáir gestgjafar eru með netfang. 73% þeirra sem svöruðu töldu að félagsverkefnið drægi úr einmanaleika þeirra eða einangrun.

Aðstoð eftir afplánun

Aðstoð eftir afplánun er stuðningsnet fyrir fólk sem er að ljúka afplánun í fangelsi. Í því verkefni aðstoðar sjálfboðaliði einstaklinginn við að aðlagast samfélaginu með því að efla getu hans til að takast á við þær áskoranir sem verða á vegi hans, nýta sér opinbera þjónustu og öðlast tiltrú á eigin getu.

Aðstoð eftir afplánun hefur fyrir löngu sannað mikilvægi sitt. Að mörgu er að huga þegar fangelsisvist lýkur og mikilvægt er að hafa stuðning þegar svo miklar breytingar verða á



375 PÖR Í VINA-VERKEFNUM



Haldin voru vinsæl námskeið fyrir heimsóknarvini með hunda.

aðstæðum fólks. Í fyrra voru 25 pör skráð í verkefninu.

Sýnileiki og stuðningur

Lagt var upp úr því að kynna vinaverkefnin á árinu, m.a. í þeim tilgangi að skapa traust til þeirra, fjármagn og auka möguleika á að vaxa og ná góðum árangri. Verkefnin voru töluvert til umfjöllunar í fjölmiðlum, m.a. í tilefni af 100 ára afmæli Rauða krossins. Sú umræða jók bæði áhuga á verkefnunum og vitund um mikilvægi félagslegrar heilsu fyrir okkur öll.


Jónína sjálfboðaliði og Mustapha gestgjafi á heimili hans.

Fjáröflun og kynningarmál

Neyðarsöfnun og veglegir styrkir

Aldarafmæli Rauða krossins á Íslandi, neyðarsöfnun fyrir Grindvíkinga og samstöðutónleikar með þolendum átakanna á Gaza var meðal þess sem stóð upp úr varðandi fjáröflunarverkefni og kynningarmál hjá Rauða krossinum árið 2024. Í tilefni aldarafmælisins var gefin út bók um sögu félagsins sem hinn margverðlaunaði sagnfræðingur Guðjón Friðriksson skrifaði. Bókin telur um 400 blaðsíður og er prýdd fjölda ljósmynda. Blásið var til útgáfuhófs í byrjun desember í fatasöfnunarmiðstöð Rauða krossins í Skútuvogi. Fjöldi gesta mætti og las Guðjón upp úr kafla um sögu fatasöfnunar.


Hápunkti afmælisársins var náð í Hörpu nokkrum dögum síðar, þann 10. desember, þar sem starfsfólk, sjálfboðaliðar og velunnarar Rauða krossins komu saman til fagnaðar.

Enn fjölgaði í hinum dýrmæta hópi Mannvina, fólks sem lætur mánaðarlega fé af hendi rakna til starfsemi Rauða krossins.

Rauði krossinn efndi til neyðarsöfnunar fyrir Grindvíkinga í upphafi árs og söfnuðust yfir 51,5 milljónir króna. Féð var greitt út í formi styrkja sem Grindvíkingar gátu sótt um.

Tæplega 8,5 milljónir söfnuðust fyrir þolendur átakanna á Gaza á samstöðutónleikum sem fram fóru í Háskólabíói 7. maí. Skipuleggjandi tónleikanna var tónlistarkonan Elísabet Eyþórsdóttir. Tónleikunum var sjónvarpað á Stöð 2 en á þeim kom fram fjöldi tónlistarmanna. Söfnunarféð skiptist jafnt milli Rauða krossins og UNICEF.

Jólamerkimiðar Rauða krossins fyrir árið 2024 voru skreyttir myndum sem myndlistarkonan Sísí Ingólfsdóttir gerði sérstaklega fyrir þetta tilefni. Miðunum var dreift inn á heimili á Íslandi.



RIO TINTO STYRKTI VERKEFNI UM 208 MILLJÓNIR

Rauði krossinn naut velvildar nokkurra íslenskra fyrirtækja í fyrra. Rio Tinto veitti félaginu 208 milljóna króna styrk sem nota á til verkefna sem miða að því að efla samfélög á Reykjanesi sem orðið hafa fyrir áhrifum jarðskjálfta og eldgosa. Styrkurinn er sá hæsti sem fyrirtæki hefur veitt Rauða krossinum til verkefna innanlands.



Coca-Cola á Íslandi og Rauði krossinn undirrituðu samstarfssamning um nýtt verkefni sem kallast Lyklar að íslensku samfélagi og miðar að því að styðja og valdefla þau sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi sem og þau sem fengið hafa slíka vernd. Fyrirtækið mun styrkja verkefnið um 10 milljónir króna á ári í þrjú ár.

Í tilefni af 100 ára afmæli félagsins var efnt til landssöfnunar þar sem óskað var eftir stuðningi fyrirtækja og félagasamtaka um land allt við innlend verkefni Rauða krossins.

Skyndihjálparnámskeið Rauða krossins nutu aukinna vinsælda árið 2024 enda átak gert í að auglýsa þau. Áfram nutu verslanir Rauða krossins um allt land, þar sem seldar eru flíkur úr fatasöfnun félagsins, vinsælda. Stærstur hluti textíls sem safnast er sendur úr landi með dyggum stuðningi Eimskips. Sorpa hefur nú tekið við söfnun textíls en Rauði krossinn mun halda áfram að safna fötum og öðrum textíl í eigin söfnunarkassa og selja í búðum sínum.



Sjálfboðaliði Rauða krossins aðstoðar Úkraínumenn sem lagt höfðu á flótta undan vopnuðum átökum. Þúsundir þeirra enduðu á Íslandi þar sem Rauði krossinn veitir þeim margvíslegan stuðning.

Fólk á flótta

Tengsl og tungumálakennsla

Þrátt fyrir að metfjöldi fólks hafi verið á flótta í heiminum árið 2024 og vopnuð átök geisað á að minnsta kosti 110 svæðum, fækkaði umsóknum um alþjóðlega vernd á Íslandi eftir að hafa fjölgað mikið árin á undan. Eftir sem áður var í mörg horn að líta hjá Rauða krossinum á þessu sviði enda veita sjálfboðaliðar og starfsmenn félagsins fólki sem flýr hingað margvíslegan stuðning og aðstoð, bæði áður og eftir að það fær hér vernd.

Í því starfi er áhersla lögð á að draga úr jaðarsetningu, auka virkni, bæta líðan og vinna að inngildingu í íslenskt samfélag. Verkefnin eru flest sett upp og framkvæmd af sjálfboðaliðum sem sumir flúðu hingað sjálfir fyrir einhverju síðan.

Félagsstarf fyrir fólk á flótta

Sjálfboðaliðar standa að félagslegum viðburðum fyrir fólk á flótta m.a. á Akureyri, í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2024 voru yfir 1.400 viðburðir haldnir. Til dæmis voru ýmsir spjallhópar í boði en einnig lista- og íþróttaviðburðir enda fátt sem tengir fólk betur en samvera og samvinna. Þá var boðið upp á tungumálaþjálfun, bæði íslensku og ensku, og svo mætti áfram telja.

Til þess að inngilding innflytjenda eigi sér stað í íslensku samfélagi þarf fólki að líða eins og það sé partur af samfélaginu. Eitt þeirra verkefna sem stuðlar að slíku er Leiðsöguvinaverkefnið. Í því fær fólk á flótta tækifæri til að kynnast sjálfboðaliðum sem hafa búið hér um hríð og fá frá þeim leiðsögn um samfélagið. Leiðsöguvinir eru tengdir saman í hálft ár en að þeim tíma loknum hefur vinátta fólks oft haldið áfram að vaxa.

Á árinu 2024 tóku yfir 130 sjálfboðaliðar frá Úkraínu, Venesúela, Palestínu, Íran og fleiri löndum þátt í verkefninu interACT. Markmið þess er að draga úr jaðarsetningu fólks á flótta með því að virkja borgaralega þátttöku í íslensku samfélagi og valdefla hópinn í gegnum fjölbreytt sjálfboðaliðastarf.

Annað áhrifaríkt verkefni er íslenskuþjálfun sem kallast Tölum saman. 56 einstaklingar nutu góðs af því í fyrra. Í verkefninu er flóttafólk tengt við íslenskumælandi sjálfboðaliða. Einstaklingar með flóttamannabakgrunn eru gjarnan með menntun frá heimalandinu sem þeir fá ekki tækifæri til að nýta hér á landi. Með tungumálaþjálfun getur fólk aukið líkurnar á starfsframa við hæfi.

„Félagslegur stuðningur við fólk á flótta bætir líðan fólks sem oft er í mjög viðkvæmri stöðu og skiptir þegar upp er staðið máli fyrir allt samfélagið," segir Guðrún Brynjólfsdóttir, teymisstjóri fólks á flótta hjá höfuðborgardeild Rauða krossins.

Málsvarastarf

Fjölskyldur sameinaðar og unnið að auknu umburðarlyndi

Rauði krossinn stendur að málsvarastarfi fyrir þau sem verst standa í samfélaginu hverju sinni og aðrir sinna ekki. Undanfarin ár hefur félagið mestmegnis staðið við bak umsækjenda um vernd og flóttafólks sem öðlast vernd og sest að á landinu. Á árinu sem leið var unnið mikið starf er tengdist fjölskyldusameiningum frá Gaza og viðleitni við að aðstoða það fólk við að komast til landsins. Mikið var um aðstoð vegna breyttra laga og framkvæmdar í veitingu eða synjunar verndar, fjölskyldusameiningar, afturköllunar verndar, endurnýjunar dvalarleyfa og fjölbreyttra annarra erinda.

Þrengt að möguleikum fólks

Rauði krossinn lét sig eftirfarandi þingmál varða, ritaði umsagnir og talaði fyrir afstöðu félagsins varðandi lokað búseturúrræði, Samning SÞ um bann við kjarnorkuvopnum, breytingar á lögum um útlendinga, breytingu á námsstyrkjum fyrir nema með alþjóðlega vernd, breytingu á undanþágu vegna fjölskyldusameininga, breytingu á lögum er varða afnám þjónstusviptingar við umsækjendur um vernd og breytingu á lögum vegna fjöldaflótta og framlengingu leyfa Úkraínubúa á landinu. Félagið hefur almennt áhyggjur af og leggst gegn frekari þrengingum á möguleikum fólks til að komast í öruggt skjól hér á landi á sama tíma og þróun heimsmála er þannig að stöðugt fleiri neyðast til að yfirgefa heimkynni sín.

Einnig var skrifuð umsögn um stefnumótun félag- og vinnumarkaðsráðuneytis um langtíma stefnu í málefnum innflytjenda, Samfélag okkar allra. Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda. Hvítbók í málefnum innflytjenda. Drög að stefnu til 2038. Félagið hefur árum saman talað fyrir nauðsyn slíkrar stefnumótunar, tók drjúgan þátt í gerð hennar og bindur vonir við að hún verði lögð fyrir Alþingi sem allra fyrst. Í stefnudrögunum felast einmitt verkfærin til að takast á við áskoranir sem fylgja vaxandi fjölda innflytjenda sem atvinnulífið kallar eftir og skapa sátt um árangursríkar leiðir inngildindar í íslensku samfélagi.



Stjórn Rauða krossins ákvað í lok árs 2024 að ráðast í átak fyrir umburðarlyndara samfélagi og að vinna gegn fordómum. Unnið var að undirbúningi þess og er áætlað að standi yfir í tvö ár. Þar er sjónum beint að starfi innan félagsins, starfi í þágu þeirra sem verst standa og verða fyrir fordómum og einnig gagnvart stjórnvöldum.



1.933 SÓTTU UM ALÞJÓÐLEGA VERND



94 PÖR LEIÐSÖGUVINA



236 SJÁLFBOÐALIÐAR KOMU AÐ FÉLAGSSTARFINU



3.490 VINNUSTUNDIR SJÁLFBOÐALIÐA

Starfslið Rauða krossins

Starfsfólk Rauða krossins á Íslandi var 102 í lok árs 2024. Fækkun frá fyrra ári skýrist einkum af lokun fjöldahjálpastöðvar, en nokkur stöðugildi bættust við í skaðaminnkandi úrræðum félagsins með opnun Ylju neyslurýmis. Hlutfall kvenna hefur aukist og samanstendur starfsfólk nú af 75% konum og 25% körlum.

Á árinu var áfram lögð áhersla á að hlúa að vellíðan starfsfólks. Í reglulegum púlsmælingum Moodup var starfsánægja nokkuð stöðug, með meðaleinkunn 8,0 í lok árs og meðmælastuðull (eNPS) mældist 53. Svarhlutfall var á bilinu 79–85%, sem sýnir virka þátttöku og gefur til kynna að niðurstöður séu marktækar. Starfsfólk skorar sérstaklega hátt á þáttum er snúa að tengslum við sýn og gildi félagsins. Starfsmannavelta á síðustu 12 mánuðum var 20%.



Jafnlaunavottun

Í nóvember fór Rauði krossinn í reglubundna endurvottun á jafnlaunakerfi félagsins og stóðst hana án athugasemda. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins og er megin tilgangur þess að tryggja að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Félagið hefur verið með jafnlaunavottun frá árinu 2019 og hefur heimild til að nýta jafnlaunamerkið áfram í starfsemi sinni. Vottunin er framkvæmd af faggiltum aðila og byggir á stöðlum ÍST 85:2012.



Mohammed Raheem

Starf: Verkefnafulltrúi í sálfélagslegum stuðningi.

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum? Tæplega þrjú ár.

Hvað fannst þér standa upp úr hjá Rauða krossinum á síðasta ári? Aðgerðir þær sem Rauði krossinn fór í vegna ástandsins á Gaza. Fólki frá Palestínu sem hingað var komið var veitt sú þjónusta sem það þurfti á að halda. Haldnar voru ýmsar samkomur, upplýsingafundir og sálfélagslegur stuðningur veittur. Niðurstaðan af þessum aðgerðum voru fjölskyldusameiningar. Það var stórkostlegt að sjá hversu vel Rauði krossinn tók á móti fjölskyldunum og undirbjó allt það nauðsynlegasta fyrir komu þeirra, þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Allir lögðust á eitt í þessu verkefni og hver og einn lagði mikið á sig til að niðurstaðan yrði sem best.

Það sama gerðist þegar starfsemi Rauða krossins var flutt tímabundið úr Efstaleiti 9 í Víkurhvarf 1. Allt starfsfólkið tók höndum saman, óháð sinni stöðu. Á því augnabliki áttaði ég mig á hversu þétt starfsfólkið stendur saman og hversu vingjarnlegir allir eru.

Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins? Gefandi. Allt sem við gerum, öll sú aðstoð sem við veitum okkar skjólstæðingum, er gefandi fyrir mig. Að geta hjálpað einhverjum, þótt það sé aðeins með einhverju smáræði, gefur manni tilfinningalega mikið til baka. Þegar öllu er á botninn hvolft er Rauði krossinn mitt annað heimili.



Fanney Grétarsdóttir

Starf: Deildarstjóri hjá Rauða krossinum á Suðurnesjum.

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum? Síðan í mars 2013.

Hvað fannst þér standa upp úr hjá Rauða krossinum á síðasta ári? Breytingar í því hvernig við hugum að okkur sjálfum og samstarfsfélögum í starfi. Vinnan okkar felst í því að bregðast við og aðstoða aðra út á við og þá er auðvelt að gleyma okkur sjálfum. Alltaf gaman að kíkja í „inn-íið“ sitt og lagfæra og fá til þess verkfæri og rými.

Svo eru það jarðhræringar og afleiðingar hér í túnjaðrinum sem standa upp úr á síðasta ári. Heldur okkur svo sannarlega á tánum varðandi nátt-úruvá. Heilt bæjarfélag missti samfélagið sitt og mikilvægt er að gleyma því ekki að þau þurfa áframhaldandi sálrænan og félagslegan stuðning.

Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins? Mannúð.



Pétur Fannberg Víglundsson

Starf: Verkefnastjóri í fataverkefni.

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum? 4 og hálft ár.

Hvað fannst þér standa upp úr hjá Rauða krossinum á síðasta ári? Það sem stendur mest upp úr eru þær breytingar sem hafa átt sér stað eftir að Sorpa tók við fatasöfnun af Rauða krossinum. Allt síðasta ár var mikið í gangi í kjölfar þeirrar breytingar. Það hefur verið mjög krefjandi en vonandi fer það allt saman að komast í rétt horf.

Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins? Áskoranir.



Hrafnhildur Sverrisdóttir

Starf: Ég er verkefnastjóri í alþjóðateymi Rauða krossins á Íslandi. Ég er með verkefni á minni könnu er snúa að mannúðaraðgerðum á átaka- og hamfarasvæðum í heiminum. Þá er ég einnig með alþjóðlegan mannúðar-rétt á mínu borði, en það eru þau lög sem gilda í vopnuðum átökum.

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum? Ég hef starfað hjá RKÍ í tæp 10 ár og hef aldrei starfað eins lengi á nokkrum vinnustað. Ég hef þó verið viðriðin RKÍ frá árinu 2005 þegar ég fór í mína fyrstu sendi-fulltrúaferð til Fílabeinsstrandarinnar þar sem ég starfaði með Alþjóðaráði Rauða krossins.

Hvað fannst þér standa upp úr hjá Rauða krossinum á síðasta ári? Það eru klárlega hörm-ungarnar sem dynja yfir íbúa Gaza og heimurinn fylgist með nánast í beinni. Ég er agndofa yfir þeirri seiglu sem íbúar Gaza búa yfir og drifkraftinum í kollegum okkar sem standa þar vaktina og hafa gert lengi.

Hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins? Mikilvægur.



Birna Ósk Björnsdóttir

Starf: Móttaka

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum? Ég byrjaði í fyrsta starfinu hjá RKÍ sumarið 2021 er ég sótti um starf á farsóttarhótelum. Ég var þar þangað til að síðasta hótelinu var lokað. Hálfu ári síðar fékk ég aftur starf hjá RKÍ þegar fjöldahjálparstöð var opnuð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í samvinnu við Vinnumálastofnun. Þar starfaði ég í átta mánuði. Svo kom að því að ég fékk að spreyta mig í móttökunni á skrifstofunni sumarið 2023 og hef ég verið í skýjunum þar síðan.

Ég hef fengið að kynnast alls kyns verkefnum náið í gegnum Rauða krossinn; farsótt, skaðaminnkun, vinnu með flóttafólki, 1717, vinaverkefnum, neyðarvörnum og alls kyns félagsstarfi. Ég hef séð hversu yndislegt fólk við erum með í kvennadeildinni og hversu mikilvægt þeirra starf er.

Ég hef sinnt fjölbreyttum störfum í gegnum ævina og öll hafa þau kennt mér margt en mér mun alltaf þykja langvænst um tímann minn hjá Rauða krossinum. Það eru forréttindi að vera í samskiptum við fólk sem leggur sig mikið fram við að hjálpa öðrum.

Hvað finnst þér standa upp úr hjá Rauða krossinum á síðasta ári? Mér finnst standa upp úr hversu vel flutningarnir úr Efstaleiti og í Víkurhvarf gengu fyrir sig og hversu vel fólk vann saman við það stóra verkefni. Ég var einnig afskaplega spennt fyrir því að neyslurýmið Ylja opnaði loksins í Borgartúninu því það er óneitanlega dýrmæt viðbót í skaðaminnkun.

Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins? Kærleikur. Starfsmenn og sjálfboðaliðar nálgast öll sín störf og verkefni með kærleik, alúð, skilning og mannúð í hjarta og finnst mér það vera mjög áberandi í okkar umhverfi.



Sóley Björk Stefánsdóttir

Starf: Verkefnastjóri í Eyjafjarðardeild Rauða krossins.

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum? Ég hef unnið hjá Rauða krossinum í fullu starfi frá 1. maí 2022 en áður í hlutastarfi sem verkefnafulltrúi og þar áður á sóttvarnarhóteli í covid.

Hvað finnst þér standa upp úr hjá Rauða krossinum á síðasta ári? Tvennt sem mér finnst standa upp úr: Heimsóknarvinir með hund er verkefni sem hefur verið í mikilli sókn hjá okkur og gríðarlega margir áhugasamir um að koma inn sem sjálfboðaliðar. Þetta er að meðaltali yngra fólk en í hinu hefðbundna heimsóknarvinaverkefni svo það er mjög ánægjulegt að ná til þess hóps. Við erum komin með mjög öflugan hópstjóra auk þess sem verkefnið nýtur mikils stuðnings frá öflugu fagfólki í hundaheiminum sem aðstoðar okkur við námskeiðshald og mat á hundum fyrir verkefnið.

Annað sem mér finnst standa upp úr er verkefni okkar á Ólafsfirði. Þar er tvíþætt verkefni, annars vegar fataverkefni (flokkun og sala) en hins vegar vinaverkefni þar sem hópur fólks kemur saman og nýtur samveru og þau sem það vilja vinna í fataverkefninu. Verkefnið hefur verið í gangi frá 2020 en var á mikilli siglingu á síðasta ári þar sem þátttakendum fjölgaði mjög og aukið var við opnunartíma sem er nú tveir dagar í viku en var áður einn.

Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins? Mannauður – því sjálfboðaliðarnir eru algjörlega magnaður mannauður sem taka að sér meiri ábyrgð og fleiri verkefni en mér hefði nokkurn tímann áður dottið í hug að sjálfboðaliðar gerðu.

Fjármál

Tekjur og framlög 2024

Rekstrartekjur ársins voru 3.360 milljónir og fjármunatekjur 330 milljónir og því hafði félagið alls 3.690 milljónir til ráðstöfunar. Tekjur af samningsbundnum verkefnum fyrir ríki námu 1.139 milljónum, þar af komu 326 milljónir frá utanríkisráðuneytinu vegna rammasamninga um alþjóðlegt hjálparstarf. Alls voru styrkir og framlög frá almenningi og fyrirtækjum 754 milljónir, þar af veitti Rio Tinto félaginu styrk að fjárhæð 208 milljónir til að styðja samfélagið í Grindavík og auka viðnámsþrótt vegna jarðhræringa á Suðurnesjum. Tekjur af söfnunarkössum lækkuðu um 8% og voru 354 milljónir. Samdráttur í tekjum Íslandsspila sem birtist í lækkandi framlögum til Rauða krossins er vaxandi áhyggjuefni.

Félagið varði alls 3.190 milljónum til verkefna, þar af fóru 1.236 milljónir í verkefni innanlands. Umfangsmestu verkefnin voru annars vegar þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd og hins vegar rekstur fjöldahjálparstöðvar og neyðarskýlis.


Framlög og gjöld tengd alþjóðlegu hjálparstarfi og alþjóðasamstarfi voru 651 milljón. Hæstu framlögin fóru til Sierra Leone, Malaví, Palestínu, Sómalíu og Úkraínu.

Tekjur Sjúkrabílasjóðs voru 919 milljónir, þar af voru greiðslur fyrir flutninga 603 milljónir, framlag Sjúkratrygginga 295 milljónir og framlag Rauða krossins 21 milljón. Útboði er nýlokið um kaup á 25 sjúkrabifreiðum. Þess er vænst að fyrstu bílarnir komi til landsins haustið 2025.


Þrátt fyrir samdrátt í útflutningi jókst hagnaður Fatasöfnunar verulega á milli ára og var 99 milljónir. Ýmsar breytingar hafa þegar orðið og munu verða á áfram á framkvæmd verkefnisins eftir að sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum að annast söfnun textíls.

Launagreiðslur samstæðunnar voru alls 1.095 milljónir. Stöðugildin voru að jafnaði 88 á árinu, þar af 25 hjá deildum og 10 samtals hjá Fatasöfnun og Sjúkrabílasjóði. Stöðugildi sendifulltrúa sem unnu við hjálparstarf erlendis voru að jafnaði 1,6.


Þróun tekna í milljónum króna síðustu 5 ár




Alþjóðaverkefni



Verkefni innanlands



Útgjöld eftir verkefnum



Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2024	2023	2022	2021	2020
Söfnunarkassar	354	384	349	284	201
Frjáls framlög	754	626	642	546	789
Samningar við stjórnvöld	1.139	1.065	1.083	1.515	1.034
Sjúkraflutningar	603	576	468	425	308
Sölustarfsemi	492	472	392	395	309
Aðrar tekjur	18	16	20	94	124
Samtals	**3.360**	**3.139**	**2.955**	**3.259**	**2.765**

Framlög til verkefna í milljónum króna	2024	2023	2022	2021	2020
Alþjóðahjálparstarf	555	605	587	391	501
Alþjóðasamstarf	96	68	80	68	49
Innanlandsstarf	1236	980	1025	1.396	1.162
Sjúkraflutningar	674	633	555	526	491
Hjálparsíminn	63	58	55	47	47
Athvörf Rauða krossins	0	0	0	32	124

Skipting heildarútgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2024	%
Innanlandsstarf	1.236	39%
Alþjóðlegt hjálparstarf	555	17%
Alþjóðasamstarf	96	3%
Sjúkraflutningar	674	21%
Fjáröflun og kynning	398	12%
Önnur starfsemi	230	7%
Samtals	**3.190**	**100%**

Sundurliðun innanlandsstarfs	2024	%
Deildastarf	145	12%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	348	28%
Skaðaminnkun	123	10%
Hjálparsíminn	63	5%
Flóttafólk og ums.um vernd	253	20%
Fjöldahjálp og neyðarskýli	223	18%
Félagslegur stuðningur	65	5%
Önnur verkefni	17	1%
Samtals	**1.236**	**100%**

Sundurliðun alþjóðlegs hjálparstarfs	2024	%
Neyðaraðstoð	303	55%
Þróunarsamvinna	211	38%
Sendifulltrúar	41	7%
Samtals	**555**	**100%**



Námskeið fyrir ungar barnfóstrur
Árið 1982 tók Rauði krossinn upp á því nýmæli að efna til barnfóstrunámskeiða í Reykjavík. Voru þau ætluð barnfóstrum á aldrinum 10-15 ára. Næstu árin sóttu mörg hundruð börn og unglingar námskeiðin árlega.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi

Silja Bára R. Ómarsdóttir, formaður,
Sigríður Stefánsdóttir, varaformaður.

Stjórnarmenn: Arnbjörg Sveinsdóttir, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir, Ívar Kristinsson, Jón Ásgeirsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Símon Friðrik Símonarson og Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir.

Varamenn: Unnsteinn Ingason og Árni Jóhannsson.

Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi · Víkurhvarfi 1 · 203 Kópavogur · Sími 570 4000
info@redcross.is · www.raudikrossinn.is